

Búnaðarsamband Suðurlands

Ársrit 2017

48. árgangur 1. tbl. 2018



BÚNAÐARSAMBAND SUÐURLANDS

Stofnað 6. júlí 1908

Búnaðarfélög 30, búgreinafélög 5, félagatala 1.138, apríl 2018.

Aðalstjórn:

Gunnar Kr. Eiríksson, Túnsbergi, í stjórn frá 2008, formaður frá 2016.
Ragnar Lárusson, Stóra-Dal, í stjórn frá 2006.
Helgi Eggertsson, Kjarri, í stjórn frá 2017.
Erlendur Ingvarsson, Skarði, í stjórn frá 2012.
Sigurjón Eyjólfsson, Eystri-Pétursey, í stjórn frá 2016.

Varstjórn:

Þórunn Andrésdóttir, Bryðjuholti.
Ragnar Finnur Sigurðsson, Litla-Ármóti.
Borghildur Kristinsdóttir, Skarði.
Sigurður Sæmundsson, Skeiðvöllum.
Björn Helgi Snorrason, Kálfafelli.

Skoðunarmenn:

Theodór Vilmundarson, Efsta Dal, frá 2012.
Páll Eggertsson, Arngeirsstöðum, frá 2014

Starfsfólk:

	Sími
Sveinn Sigurmundsson, frá 1983, frkv.stj. frá 1. okt. 1987	480-1801
Ólafur Þór Þórarinnsson, frá 1. febrúar 1990	480-1802
Helga Sigurðardóttir, frá 1. sept. 1999	480-1804
Brynja Marvinsdóttir, frá 1. ágúst 2010	480-1800
Halla Kjartansdóttir, frá 1. des. 2010, verkefnaráðin	480-1813

Starfsmenn Bændabókhalds ehf.:

Kristín Björnsdóttir, Selfossi	480-1831
Sigrún Helga Valdimarsdóttir, Selfossi	480-1832
Gunnar Ríkharðsson, Selfossi	480-1833
Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti	486-8987
Sigrún Böðvarsdóttir, Prestsbakka	480-1819

Stóra-Ármót, bústjórar:

Hilda Pálmadóttir og Höskuldur Gunnarsson frá 1. sept 2001	482-1058
--	----------

Kynbótastöð ehf.

Starfsmenn Kynbótastöðvar og starfssvæði:

Sveinn Sigurmundsson	Framkvæmdastjóri frá 1. maí 1996	Sími 480-1801
Bragi Ágústsson	Hluti Flóa, Skeið, vesturhluti Árnassýslu	871-2056
Úlfhéðinn Sigurmundsson	Hreppar, hluti Tungna	871-5563
Guðmundur Jón Skúlason	Rangárþing frá V-Landeyjum, hluti Flóa	871-8611
Hermann Árnason	Frá Vík að vesturhluta Landeyja	871-1410
Sigríður Böðvarsdóttir	Skaftárhreppur	871-4719

Klaufskurður:

Birkir Þrastarson, Hæli	897-4482
Sigmar Örn Aðalsteinsson, Jaðarkoti	

Sauðfjársæðingar

Sveinn Sigurmundsson, umsjón frá 1. apríl 1986	480-1801
--	----------

Formenn búnaðar– og búgreinafélaga

Formenn búnaðarfélaga 2017:

	sími
Ölfus Pétur B. Guðmundsson, Hvammi, 801 Selfoss	483 4456
Grímsnes Björn Snorrason, Björk, 801 Selfoss	486-4476
Bláskógabyggðar Trausti Hjálmarsson, Austurhlíð, 801 Selfoss	486-8948
Hrunamannahr. Benedikt Kristinn Ólafsson, Auðsholti 6, 845 Flúðir	552-8978
Gnúpverjahl. Arnór Hans Þrándarson, Þrándarholti, 801 Selfoss	486-6038
Skeiðahrepps Jón Vilmundarson, Skeiðháholti, 801 Selfoss	486-5592
Hraungerðishr. Ragnar Finnur Sigurðsson, Litla-Ármóti 801 Selfoss	848-2336
Sandvíkurhr. Ari Páll Ögmundsson, Stóru-Sandvík, 801 Selfoss	482-3163
Eyrarbakka hr. Jón Ingi Jónsson, Gamla Hrauni 2, 820 Eyrarbakki	486-6756
Stokkseyrarhr. Björn Harðarson, Holti, 801 Selfoss	486-3407
Gaulverjabæjarhr. Þorsteinn Ágústsson, Syðra-Velli, 801 Selfoss	486-3377
Villingaholtsh. Reynir Þór Jónsson, Hurðarbaki, 801 Selfoss	486-3345
Ásahrepps Egill Sigurðsson, Berustöðum, 851 Hella	487-5068
Djúpárhrepps Birkir Ármannsson, Brekku, 851 Hella	487-5646
Holtahrepps Daníel Magnússon, Akbraut, 851 Hella	487-6562
Landsveitar Hannes Ólafsson, Austvaðsholti, 851 Hella	487-6597
Rangárvalla Björgvin Reynir Helgason, Lambhaga, 851 Hella	487-8770
Hvólhrepps Birkir Arnar Tómasson, Móeiðarhvoli 2, 861 Hvolsvöllur	487-8077
Fljótshlíðar Páll Eggertsson, Arngeirsstöðum, 861 Hvolsvöllur	487-8380
V-Landeyja Sævar Einarsson, Stíflu, 861 Hvolsvöllur	486-1508
A-Landeyja Jóhann Nikulásason, Stóru-Hildisey 2, 861 Hvolsvöllur	487-8548
V-Eyjafjalla Eyvindur Ágústsson, Stóru-Mörk, 861 Hvolsvöllur	487-5050
A-Eyjafjalla Kristinn Stefánsson, Raufarfelli, 861 Hvolsvöllur	487-8866
Dyrhólahr. Magnús Örn Sigurjónsson, Eystri-Pétursey, 871 Vík	891-8349
Hvammsh. Ólafur Þ. Gunnarsson, Giljum, 871 Vík	487-1369
Álftavers Páll Eggertsson, Mýrum, 880 Kirkjubæjarklaustur	487-1351
Skaftártungu Bergur Sigfússon, Austurhlíð, 880 Kirkjub.kl.	487-1366
Leiðvallahrepps Hörður Daði Björgvinsson, Efri-Ey, 880 Kirkjub.kl.	487-4733
Kirkjubæjarhr. Þórarinn Bjarnason, Þykkvabæ, 880 Kirkjub.kl.	487-4704
Hörgslandsh. Bjarki V. Guðnason, Mariubakka, 880 Kirkjub.kl.	565-7839

Formenn búgreinafélaga á Suðurlandi:

Félag kúabænda Suðurlandi Rafn Bergsson, Hólmahjáleigu	487-1185
Félag sauðfjárbænda V-Skaftafellss. Einar Freyr Elínarson, Sólheimahj.	823-1320
Félag sauðfjárbænda Rangárvallasýslu Erlendur Ingvarsson, Skarði	487-1590
Félag sauðfjárbænda Árnassýslu Trausti Hjálmarsson, Austurhlíð 2	486-8948
Loðdýraræktarfélag Suðurlands Hjalti Logason, Neðri-Dal	848-7785

Skýrsla formanns

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands var haldinn 11. apríl 2017 í Félagslundi Flóahreppi. Breytingar urðu á stjórn en Baldur I. Sveinsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og eru Baldri þökkuð vel unnin stjórnarstörf. Helgi Eggertsson var kosinn í aðalstjórn en Helgi starfaði sem varamaður Baldurs um 1 árs skeið og er hann boðinn velkominn.

Stjórn skipti með sér verkum Gunnar formaður, Ragnar varaformaður, Sigurjón ritari, Erlendur og Helgi meðstjórnendur.

Kosið var til Búnaðarþings og hlutu kosningu fyrir utan formann sem er sjálfkjörin; Erlendur Ingvarsson, Skarði, Ragnar Lárusson, Stóra Dal, Ólafur Þ Gunnarsson, Giljum, Jóhann Nikulásason, Stóru-Hildisey, Sigríður Jónsdóttir, Arnarholti og Trausti Hjálmarsson, Austurhlíð.

Á aðalfundi var eftirfarandi tillögum sem komu úr allsherjarnefnd vísað til stjórnar.

„Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn í Félagslundi 11. apríl 2017, beinir því til stjórnar að aðildarfélögum sé boðið upp á þjónustu (gegn gjaldi) við innheimtu alls árgjalds, aðra bókhaldsvinnu og sjái um félagatalið. Samrýmist það samþykktum Búnaðarsambands Suðurlands.“

Bændabókhald ehf. sér um bókhald nokkurra aðildarfélaga og er þjónusta við þau að aukast.

„Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Félagslundi Flóa 11. apríl 2017 skorar á fyrirtæki sem eru í vinnslu og sölu á íslenskum landbúnaðarafurðum að merkja vörur sínar á fleiri tungumálum en einungis íslensku, jafnframt að upprunamerkingar séu augljósar á umbúðum.“

Erindið var sent á þau afurðasölufélög sem við á.

„Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Félagslundi Flóa 11. apríl 2017, beinir því til stjórnar að gera langtímasamning við

Matvælastofnun um þau verkefni sem snúa að úttektum í samræmi við búvörusamninga.“

Ekki var tímabært að reyna viðræður við Mast fyrr en að loknum úttektum vegna jarðræktar- og landgreiðslustyrkja sl. haust. Þá var verið að taka í notkun nýtt kerfi sem á að halda utan um úttektirnar. Starfsfólk búnaðarsambandanna voru úttektarfulltrúar Mast/Búnaðarstofu. Samstarfið gekk vel og í dag er gert ráð fyrir því áfram. Á þessu stigi geta stjórnendur Mast/Búnaðarstofu ekki gert langtímasamning um úttektirnar en klár vilji til áframhaldandi samstarfs

Fimm stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

Uppbygging einangrunarstöðvar vegna innflutnings á Aberdeen Angus fósturvísu var í gangi allt árið en Sveinn Sigurmundsson er framkvæmdastjóri stöðvarinnar og hefur verkefnið tekið töluverðan tíma.

Baldur I. Sveinsson starfsmaður verkefnisins hefur staðið sig með prýði og eru honum færðar þakkir fyrir.

Í sumar var hafist handa við breytingar í fjósinu á Stóra-Ármóti í lausagöngufjós með legubásu. Bústjórnarnir Hilda Pálmadóttir og Höskuldur Gunnarsson sáu um breytinguna að mestu leyti og eru þeim færðar þakkir fyrir gott starf, en kýrnar komu inn í október og una hag sínum vel.

Á haustdögum hafði Hitaveita Selfoss samband við Búnaðarsambandið og lýsti áhuga sínum til frekari heitavatnsöflunar í landi Stóra-Ármóts en fyrir er samningur sem nær yfir um helming jarðarinnar og eru 3 holur nýttar í dag. Nýr samningur var gerður um þennan hluta jarðarinnar sem eldri samningur nær ekki yfir og var hann undirritaður í upphafi þessa árs.

Að lokum þakka ég stjórn, starfsfólki og bændum gott samstarf á árinu.

Gunnar Kr. Eiríksson.

Starfsemi Búnaðarsambandsins 2017

Veðurfar árið 2017 var um margt hagstætt. Veturinn frekar mildur og voraði vel. Fyrri hluti sumars var þó aðeins kaldur og spretta fremur lítil. Seinni hluti sumars var góður en þó voru sjaldnast mikil hlýindi. Hausttíðin var góð og sjaldan hrakviðri og viðraði vel til hauststarfa. Veturinn kom svo í byrjun nóvember og þá kólnaði verulega.

Í ársbyrjun 2017 var búnaðargjaldið felld út en það var 1,2% af afurðaverði og rúmlega 600 milljónir. Sjóðagjöldin hafa fjármagnað stoðkerfi bænda og félagskerfið að miklum hluta og því blasti nýr veruleiki við. Nú verða félög bænda að fjármagna sig með félagsgjöldum og því reynir á hvort bændur vilji vera í þeim eður ei. Framundan er því endurskipulagning á fjármögnun og félagskerfi landbúnaðarins.

Formannafundur var haldinn að Stóra Ármóti í febrúar byrjun. Á þeim fundi var félagskerfið og uppbygging þess til umræðu ásamt starfsemi Búnaðarsambandsins.

Búnaðarsambandið veitti verðlaun fyrir afurðahæsta kúabúið, afurðahæstu kúna og þyngsta nautið á Suðurlandi á aðalfundi Félags kúabænda á Suðurlandi sem haldinn var í Gunnarsholti í lok janúar.

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands sá 109. var haldinn 11. apríl að Félagslundi Flóahreppi. Fundurinn heppnaðist vel enda góð aðstaða til fundahalda og veitingar kvenfélagsins með því besta sem gerist. Alls mættu 40 fulltrúar af þeim 47 fulltrúum sem seturétt hafa. Fyrir utan hefðbundinn aðalfundarstörf flutti Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ ávarp og Sigurður Loftsson formaður Nautis sagði frá stöðu mála við uppbyggingu einangrunarstöðvarinnar á Stóra Ármóti. Kosið var um 2 fulltrúa í stjórn úr Árnessýslu. Gunnar Kr. Eiríksson og Helgi Eggertsson voru kosnir til næstu þriggja ára og til vara Þórunn Andrésdóttir og Ragnar F. Sigurðsson. Stjórnin skipti með sér verkum og var Gunnar Kr Eiríksson kjörinn formaður og er hann því sjálfkjörinn á Búnaðarþing samkvæmt samþykktum BSSL. Eftirtaldir aðilar aðrir voru kjörnir á Búnaðarþing fyrir Búnaðar-

samband Suðurlands; Erlendur Ingvarsson, Skarði, Ragnar Lárusson, Stóra Dal, Ólafur Þ Gunnarsson, Giljum, Jóhann Nikulásson, Stóru-Hildisey, Sigríður Jónsdóttir, Arnarholti og Trausti Hjálmarsson, Austurhlíð. Til vara, Þórunn Andrésdóttir, Bryðjuholti, Páll Eggertsson, Kirkjulæk, Rafn Bergsson, Hólmahjáleigu, Ágúst Ketilsson, Brúnastöðum, Jón Vilmundarson, Skeiðháholti, Borghildur Kristinsdóttir, Skarði og Jökull Helgason, Ósabakka. Á aðalfundinum voru veittar viðurkenningar fyrir langa og farsæla starfsævi. Kristjáni Bj. Jónssyni jarðræktarráðunauti fyrir 43 ára starf. Smára Tómassyni fyrir 42 ára starf sem frjótækni og Þorsteini Ólafssyni dýralækni fyrir 31 ára starf að frjósemi nautgripa og sauðfjár.

Búnaðarsambandið heldur úti heimasíðu og fóru um 30 fréttir í loftið ásamt fjölda tilkynninga, fundargerða o.f.l. Það er mikilvægt að halda úti góðri heimasíðu en við mætum alveg standa okkur betur í því.

Ákveðið var að stofna einkahlutafélög um starfsemi bændabókhaldsins og sameina Kynbóta og Sauðfjársæðingastöð í Kynbótastöð ehf. Það er veruleg pappírsvinna í að stofna og leggja niður félög og mikið þarf af undirskriftum. Þar sem skiptin náðu ekki að fara fram um áramót varð aukin vinna við bókhald.

Við lok árs var gengið til samninga við nýjan endurskoðanda sem sér um lokauppgjör fyrirtækja Búnaðarsambandsins. Það er Áland sf. en þar er Þórir Ólafsson í forsvari. Hugmyndin er sú að hann aðstoði okkur við að vinna meira af uppgjörsvinnunni og þannig lækka kostnað. Búnaðarsambandið hefur notið góðrar aðstoðar Deloitte ehf. í um 30 ár við endurskoðunina og er þeim og þá sérstaklega Arnóri Eggertssyni og nú síðari ár Jóni Rafnari Þórðarsyni færðar bestu þakkir fyrir.

Seinni hlutann í nóvember sá Búnaðarsambandið um að halda fræðslufundi um sauðfjárrækt þar sem Fanney Ólöf Lárusdóttir, RML kynnti afrakstur hauststarfsins í sauðfjárrækt á fjórum fræðslufundum, einum fyrir hverja sýslu og voru veitt verðlaun fyrir efstu hrútana. Árni

Jarðabótaúttektir 2017 í ha						
Sýsla	Gras	Græn-fóður	Korn	Garð-rækt	Olíu-jurtir	Alls
Árnessýsla	621	601	765	118	33	2.137
Rangárvallasýsla	749	600	563	216	0	2.128
V-Skaftafellssýsla	144	139	106	7	10	406
A-Skaftafellssýsla	54	184	62	54	0	354
Samtals	1.568	1.524	1.496	395	43	5.026

Búnaðarsambandið gat lagt til 6 aðila sem komu að þessari vinnu sem er undir umsjón Búnaðarstofu en við erum úttektarfulltrúar. Mikið var um leiðréttingar á tunkortum en úttektarvinnan felst m.a í því að yfirfara umsóknir og bera þær saman við loftmyndir og gervitunglamyndir eftir mismunandi dagssetningum. Við sáum um úttektir í Austur-Skaftafellssýslu en þegar upp var staðið fóru liðlega þúsund vinnustundir í þennann verkþátt sem heppnaðist vonum framar.

Tafla 1. Jarðabótaúttektir 2017

Brynjar Bragason, RML fór yfir ræktunarstarfið í sauðfjárrækt, og fjallaði um hrútakost Sauðfjársæðingastöðvarinnar og Jón Viðar Jónmundsson flutti erindi um starfið í fjárræktinni síðustu áratuginna.

Í nýgerðum búvörusamningum eru í fyrsta sinn veittar landgreiðslur sem er styrkur út á uppskorin tún auk þess sem jarðræktarstyrkir eru auknir. Heildarstyrkur sem jafnast svo út eftir ha fjölda vegna jarðræktar var 369 milljónir og 247 milljónir í landgreiðslur. Styrkur á ha var kr 35.597 vegna jarðræktar og kr. 3.249 á ha vegna uppskorinna túna. Skilyrði fyrir úttekt er að til staðar séu viðurkennd tunkort og skýrsluhald í Jörð. Nýtt kerfi var í smíðum og komið vel fram í október þegar hægt var að byrja að sækja um styrki. Umsóknarfresturinn var svo aðeins til 20. október.

Jarðræktarstyrkir voru veittir á rúma 5000 ha á Suðurlandi á 320 bú sem jafnast út á 15,6 ha á bú og 555 þúsund krónur. Þá voru veittar landgreiðslur á 402 bú á Suðurlandi, alls 23.423 ha sem jafnast út sem 58 ha/bú og 189 þúsund krónur á bú.

Vinna við uppbyggingu einangrunarstöðvar fyrir holdanaut hélt áfram en í ársbyrjun var búið að steypa botnplötuna. Vel viðraði til framkvæmda en vinnan við haughúsið og kanalkerfið var tímafrek. Veggir risu svo með sumrinu og fljótlega kom svo þakið og farið að glerja glugga. Verktakarnir Foss-mót tóku nánast ekkert sumarfrí og framkvæmdum miðaði vel. Kýr voru keyptar og fluttar á staðinn í september. Fósturvísarnir komu um miðjan nóvember og voru settir upp í desember. Að öðru leyti vísast til skýrslu Sigurðar Loftssonar um starfsemi Nautís í þessu riti.



Verðandi holdanautamæður á Stóra-Ármóti, mynd Sveinn Sigurmundsson.

Ár	Árskýr	Nyt-árskýr kg	Sæti	Fitu %	Protein %	Frumutala x 1000	Gerlatala
2000	56	4.422		3,82	3,27	336	31.916
2002	47	5.378	204	3,87	3,32	263	11.875
2004	40	6.248	52	3,83	3,29	299	12.812
2006	42	6.357	58	4,00	3,41	343	10.916
2008	45	6.321	75	4,06	3,47	325	11.920
2010	44	6.972	16	4,18	3,49	230	9.420
2011	43	6.518	58	4,18	3,45	164	8.540
2012	47	6.655	53	4,17	3,43	174	10.404
2013	42	6.798	45	4,37	3,55	232	11.100
2014	47	6.844	47	4,16	3,47	172	9.600
2015	52	6.628	99	4,19	3,52	223	12.000
2016	47	7.027	77	4,12	3,40	249	12.000
2017	51	6.259	212	4,19	3,47	199	6.000

Tafla 2. Yfirlit um afurðir á Stóra-Ármóti árin 2000-2017.

Stóra Ármót

Sláttur hófst 11. júní en 24. júní lauk fyrri slætti í kýrnar enda heygæði með ágætum. Slegnir voru 63 ha í fyrri slætti og 36 ha í seinni slætti og fengust af því 1.064 rúllur. Korn var sáð í 19 ha. Fengust af því 60 tonn miðað við 85 % þ.e. og 60 hálmrúllur. Grænófóðri var sáð í 16 ha og voru 9,5 ha af því slegnir og fengust af því 135 rúllur.


Framleiðsluréttur búans var árið 2017, 326.812 þúsund lítrar. Samkvæmt skýrsluhaldi nautgripa-ræktarinnar eru afurðir á ársku 2017 6.259 kg. Innlögð mjólk á árinu var 310 þúsund lítrar. Efnainnihald innleggsmjólkur var (tafla 2), prótein

3,47% og fita 4,19%, 94% mjólkur flokkaðist í úrvals-mjólk.

Hagnaður Stóra-Ármóts ehf. á árinu 2017 nam 6.3 milljónum króna. Samkvæmt efnahags-reikningi nema eignir félagsins 142 milljónum, bókfært eigið fé í árslok er kr. 95 milljónir og eiginfjárlutfall félagsins 67%. Rekstrartekjur eru 54,7 milljónir og rekstrargjöld 47,3 milljónir með afskriftum sem eru 7,8

milljónir. Að teknu tilliti til fjármagnsliða er hagnaður ársins 7,8 milljónir. Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA) var árið 2017 um 15,2 milljónir króna og hækkaði milli ára um 10 milljónir.

Fjósinu var breytt í lausagöngufjós með legubásun. Framkvæmdir hófust í sumar og lauk rétt fyrir veturnætur. Kostnaðaráætlunin hljóðaði upp á 23 milljónir en kostnaðurinn við breytingarnar fór í 21,7 milljónir með sköfuróbót, 2 kjarnfóðurbásun og uppfærslu á mjaltakerfi. Bústjórnarnir unnu mikið og gott starf við breytingarnar. Þá fékkst



Afurðir árskúa á Stóra Ármóti (ljós gráar súlur) samanborið við landsmeðaltal (dökk gráa súlur).

	2017	2016	2015	2014	2013
BS.Kjalarnes	32		42	49	108
Borgarfjörður	103	71	94	147	198
Snæfellsnesýsla	30	81	108	147	101
Dalasýsla		41	45	80	63
Barðastrandasýsla					17
Ísafjarðarsýsla			28		
Strandasýsla				12	
Húnavatnssýslur	1.400	2.003	1.580	1.017	1.150
Skagafjarðarsýsla	786	1.272	877	739	857
Eyjafjarðarsýsla	413	672	739	586	614
S.Þingeyjarsýsla	648	1.041	959	604	999
N.Þingeyjarsýsla	329	707	736	394	633
Austurland	603	808	1.314	956	1.131
A.Skaftafellsýsla	1.558	1.808	1.598	2.200	1.974
V.Skaftafellsýsla	1.174	1.383	1.375	1.256	1.356
Rangárvallasýsla	2.036	2.483	2.298	2.336	2.302
Árnessýsla	2.793	3.200	3.284	3.113	2.983
Landið allt	11.905	15.570	15.077	13.636	14.486

Tafla 3. Sæddar ær með fersku sæði af Suðurlandi, árin 2013-2017

fjárfestingastuðningur upp á 2.3 milljónir til framkvæmdanna.

Viðræður standa yfir við starfsmann Matís um að gera tilraun/athugun á áhrifum af þangmjöli á afurðir mjólkurkúna næsta haust.

Sauðfjársæðingastöð.

Með haustinu tókst að koma stöðinni á lista yfir viðurkenndar sæðingastöðvar í Evrópu. Þegar á reyndi fengum við ekki leyfi til að flytja út frosið hrútasæði til Bretlands. Ástæður voru þær að ekki hafði verið skimað fyrir sjúkdómnum *Brucella Melentensis* í hjörðinni sem hrúturinn er úr. Þessi sjúkdómur hefur ekki fundist hér á landi og hrúturinn og hjörðin sem hrúturinn var í þegar sæðið var tekið voru neikvæð fyrir þessum sjúkdómi en það nægir ekki.

Fanghlutfall úr sæðingunum 2016 miðað við ferskt sæði var 66 % með 1,82 lömb eftir á en árangur með frysta sæðið var 66 % og 1,73 lömb eftir á sem er verulega betra en fyrri ár.

Sæðistökuvertíðin var sú 50. frá því að Sauðfjársæðingastöðin hóf starfsemi sína árið 1968. Veðrið var hagstætt og því gengu flutningar á hrútasæði að mestu

mjög vel. Þátttakan var jöfn en að venju minnst ásókn fyrstu og síðustu dagana. Mikill samdráttur var í útseningu á sæði en alls var sent sæði út frá stöðinni í 17.700 ær. Alls voru 11.905 ær sæddar með fersku sæði frá stöðinni þetta árið sem er fækkun um 3.665 ær frá því í fyrra sem reyndar var metár. Álagið á hrútana var lítið og því gekk sæðistakan vel fyrir utan Bergsson sem gaf ónothæft sæði nær alla daga og svo gaf Kubbur upp öndina 5. desember.

Mest var sent úr Mávi frá Mávahlíð, eða 1.835 skammtar, þá var Lási frá Leifsstöðum Öxarfirði með 1.500 skammta, þá Burkni frá Mýrum, Hrótafirði með 1.405 skammta, Óðinn

frá Skörðum Miðdölum með 1.220 skammta og Dreki frá Hríflu með 1.170 skammta.

Páll Stefánsson dýralæknir sér um gæðamat á sæði og sæðisblöndun. Páll Þórarinnsson annast sæðistöku og gegningar í hrútahúsi. Þóra Þórarinsdóttir fyllir á sæðisstráin, gengur frá pöntunum, sér um þrif ofl. Ármann Sverrisson er aðstoðarmaður við sæðistöku, leiðir hrútana fram og sá um akstur á hrútasæði austur í sveitir. Undirritaður sér um skipulag, tekur við pöntunum og deilir út sæðinu. Ólafur Þór Þórarinnsson sá um akstur á sæði til Reykjavíkur.



Mávur frá Mávahlíð mest notaði hrúturinn haustið 2017.
Ljósmynd Anton Torfi Bergsson.

Kynbótastöð.

Kynbótastöð ehf. sér um sæðingastarfsemi á Suður- og Austurlandi en þar voru framkvæmdar 22.926 sæðingar árið 2017 sem er 45 % sæðinga í landinu. Á Búnaðarsambandssvæðinu voru 20.260 sæðingar sem er fækkun um 148 sæðingar milli ára.

Fastráðnir frjótæknar eru; Gestur Jens Hallgrímsson Austurlandi, Orri Brandsson fyrir Austur Skaftafellsýslu, Sigríður Böðvarsdóttir fyrir Skaftárhrepp, Hermann Árnason Hvolsvelli sér um svæðið austan Hvolsvallar og að Vík. Halldór Eiðsson fékk tímabundið leyfi frá starfi í vesturhluta Rangárvallasýslu en sinnir afleysingastörfum. Úlfhéðinn Sigurmundsson er í uppsveitum Árnassýslu. Á Selfossi eru Bragi Ágústsson og Guðmundur Jón Skúlason sem tók tímabundið við stöðu Halldórs. Aðrir afleysingamenn eru Birkir Þrastarson, Bjarki Guðmundsson og Eyþór Karl Ingason. Friðrik Reynisson er afleysingamaður í Austur-Skaftafellssýslu og Sigurður Max Jónsson tók við afleysingastörfum á Austurlandi

Klaufskurður var framkvæmdur á 5.663 kúm á 103 kúabúum á síðasta ári sem er 1.000 kúm fleira en árið á undan. Meðalverð á kú var 1.395 kr. Tekjur af klaufskurði og gjöld eru í jafnvægi en þá er lítið eftir í afskriftir. Birkir Þrastarson frá Hæli

sér um klaufskurðinn og honum til aðstoðar er Sigmar Aðalsteinsson frá Kolsholti.

Kynbótastöðin á 9 bíla um áramót en endurnýjaði ekki bíl á árinu. Heildarakstur allra bílanna voru 381.681 km en þar af voru um 365.000 km vegna sæðinga. Meðalakstur á sæðingu er um 16 km en á Austurlandi þarf 47 km á sæðingu og svo 31 km í Skaftárhreppi. Kostnaður á ekinn km með afskriftum er 32 kr. sem er 3 kr. lækkun miðað við árið á undan.

Nýlegir bílar mikið eknir fara niður í 20,5 kr. á km í rekstrarkostnað en það er Subaru Forester og Nissan Qashqai fór í 26 kr. á km.

Fanghlutfall í sæðingum er 69 % miðað við 56 daga frá 1. sæðingu sem er ánægjuleg breyting frá fyrra ári þar sem fanghlutfallið var 66 %. Ný vinnubrögð hjá Nautastöðinni voru tekin upp á árinu eða nýr tölvustýrður frystir og svo var sæðið sett í 0,25 ml strá í stað 0,5 ml stráa. Ekki er samt hægt að fullyrða að árangur sé eingöngu vegna þess því árangur í fanghlutfalli með sæði úr eldri nautum hækkaði líka. Í lok ársins var svo byrjað að dreifa svokölluðu Sperm Vital sæði en það er meðhöndlað inn í gelhjúp sem eykur líftíma sæðisins. Fanghlutfall þeirra kúa sem sæddar eru snemma á gangmálinu og við samstillingar á að batna við notkun á Sperm Vital sæði.

Rekstarkostnaður sæðingabíla 2017										
	HiLux 2015	Nissan Qashqai 2015	Toyota HiLux 2014	HiLux 2014	Subaru impreza 2006	Benz Atego Klaufskur ð	Subaru Forester 2016	HiLux 2010	HiLux 2007	Meðaltal sæðingabíl a
	AN-A87	EP-M68	PT-F28	AG-J23	PP-033	NG-056	LF-K61	YK-Z56	MP-526	
Eldsneyti	248.586	718.941	1.125.736	857.898	115.482	319.195	872.626	989.673	120.764	596.545
Dekk	19.194	108.734	140.832	115.765	15.709	77.239	103.836	20.157	125.678	80.794
Viðgerðir/Smurning	73.779	397.522	345.627	245.855	10.879	14.065	213.307	361.992	149.630	201.406
Skattar	34.966	17.174	34.966	34.966	38.858	121.912	25.236	46.920	42.694	44.188
Tryggingar	101.103	101.101	101.104	101.104	101.102	116.968	88.280	111.533	101.104	102.600
Annað		624	4.447	12.567			4.111	3.228	11.690	6.111
Afskriftir/sölutap/hagn	456.405	431.379	450.598	448.207	176.500	150.000	307.419	454.980	255.000	347.832
Samtals	934.033	1.775.475	2.203.310	1.816.362	458.530	799.379	1.614.815	1.988.483	806.560	12.396.947
Staða mælis í upphafi árs	26.480	91.147	164.428	151.544	381.580	280.201	47.300	345.265	148.477	
Staða mælis í lok árs	43.372	160.333	243.402	211.440	389.182	288.700	126.130	401.658	153.886	
Áætlaður akstur á ári	16.892	69.186	78.974	59.896	7.602	8.499	78.830	56.393	5.409	381.681
Kostnaður á km án afskr.	28,28	19,43	22,19	22,84	37,10	76,41	16,59	27,19	101,97	24,28
Kostnaður á km m.afskr	55,29	25,66	27,90	30,33	60,32	94,06	20,48	35,26	149,11	32,48
Eldsneyti og skattar á km	16,79	10,64	14,70	14,91	20,30	51,90	11,39	18,38	30,22	21,02
Lítrar á 100 km.	9,75	6,88	9,44	9,49	10,06	23,62	7,33	11,62	11,75	11,10

Lokaorð

Rekstrartekjur fyrirtækjanna með Stóra Ármóti er 292 milljónir sem er aukning frá fyrra ári úr 280 milljónum. Rekstrargjöld eru 293,6 milljónir og er því rekstrartap upp á 1,6 milljónir. Fjármunaliðir skila 3,6 milljónum sem er þó aukning frá fyrra ári þar sem þeir skiluðu 2,1 milljón. Hagnaður með vaxtatekjum er því rúmar 2 milljónir króna en eftir skatta er það rúm milljón sem er í hagnað. Samkvæmt efnahagsreikningi eykst eigið fé um rúma milljón og er nú 254,6 milljónir. Eignir lækka hinsvegar sem skýrist af því að eignir og skuldir voru færðar yfir í dótturfélög. Áhrif þess má sjá í sjóðstreymi en þar lækka rekstrartengdar eignir og skuldir um 9,6 milljónir en höfðu árið á undan hækkað um 8,6 milljónir. Veltufjármunir aukast úr 157,2 milljónum í 161,6 milljónir. Eiginfjárhlutfall vex úr 85,8 % í 91,6 %.

Bændabókhaldið veltir 35,4 milljónum og er með 371 þúsund króna hagnað.

Kynbótastöð ehf sem er sameinuð Kynbóta- og Sauðfjársæðingastöð er með veltu upp á 147,6 milljónir og tap upp á 3,1 milljón króna.

Búnaðarsambandið er með veltu sem nemur 77,5 milljónum og hagnað upp á 1,1 milljón króna þegar búið var að taka tillit til dótturfélags og skatta. Rekstrartekjur á Stóra Ármóti voru 54,7 milljónir.

Rekstrargjöld eru 47,3 milljónir og hagnaður 6,3 milljónir þegar búið er að taka tillit til skatta og fjármagnsliða. Ef samstæðureikningurinn við Stóra Ármót er skoðaður þá er heildarveltan 293,6 milljónir og bókfærðar eignir 311 milljónir.

Á þessu fyrsta ári án búnaðargjalds gekk rekstur Búnaðarsambandsins vonum framar þrátt fyrir að viðhald á þaki skrifstofuhúsnæðis Búnaðarsambandsins kostaði 6,7 milljónir. Gripið var til nokkurra hagræðingaaðgerða. Halla Kjartansdóttir sem vinnur við túnkortagerð var verkefnaráðin. Brynja Marvinsdóttir fór meira yfir í skráningarvinnu til RML, undirritaður gegndi stöðu framkvæmdastjóra Nautis og ýmis vinna við Kynbótastöð ehf var seld til Búnaðarsambandsins. Starfsfólk bændabókhalds gat unnið við úttektir vegna jarðræktarstyrkja að haustinu þegar vinnuálag í bókhaldinu var minna. Samlegðaráhrifin nýttust vel.

Á nýliðnu Búnaðarþingi var ákveðið að skipa nefnd sem gerði tillögur um endurskipulagningu á félagskerfi bænda, væntanlega með það að leiðarljósi að treysta samstöðu þeirra. Í dag er búnaðarsambandið samband aðildarfélaga með 1.138 félagsmenn sem er fólkið í sveitunum sem kys 7 fulltrúa af 50 á Búnaðarþing.

Að lokum þakkar undirritaður bændum og samstarfsfólki ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Sveinn Sigurmundsson



Li's Great Tigre 74039 , eitt af sæðinganautum sem notuð voru á kýr Nautis.

Starfsemi Nautgriparræktarmiðstöðvar Íslands 2017

Nautgriparræktarmiðstöð Íslands ehf. (Nautís) sem er í eigu Bændasamtaka Íslands, Landssambands Kúabænda og Búnaðarsambands Suðurlands er að byggja einangrunarstöð fyrir holdagripi að Stóra Ármóti Flóahreppi en flytja á inn til landsins erfðaefni úr Aberdeen Angus holdagripum frá Noregi. Tilgangurinn er að auka hagkvæmni í framleiðslu nautakjöts hér á landi með því að auka vaxtarhraða og kjötgæði með kostameiri gripum. Angus er harðgert kyn sem nýtir beit og gróffóður vel, auk þess sem kýrnar eru mjólkurlagnar með léttan burð.

Stjórn og starfsmenn stöðvarinnar

Sigurður Loftsson formaður, fulltrúi LK
Sveinbjörn Eyjólfsson, fulltrúi BÍ
Gunnar Kristinn Eiríksson, fulltrúi BsSÍ
Framkvæmdastjóri: Sveinn Sigurmundsson
Bústjóri: Baldur Indriði Sveinsson
Dýralæknir: Þorsteinn Ólafsson

Við val á kynbótagripum hefur stöðin notið ráðgjafar Baldurs Helga Benjamínssonar búfjárerfðafræðings, en hann hefur auk þess annast samskipti við Geno vegna skipulags fósturvísatöku og aðstoðað við ýmsa aðra þætti er snúa að innflutningi erfðafnisins.

Staða framkvæmda við einangrunarstöð

Búið er að girða 47 ha hólfið úr landi jarðarinnar með tvöfaldri girðingu sem er 3,2 km að lengd. Þær framkvæmdir hófust vorið 2016, en fyrsta skóflustungan að húsinu var tekin í ágúst 2016. Þá hófust framkvæmdir við vegagerð, grunn og plön. Vinna við bygginguna hófst í desember 2016 en í dag er framkvæmdum að mestu lokið, einungis er lítilsháttar vinna eftir í kálfahluta auk frágangs utanhúss. Stefnt er að verklokum nú í vor. Einangrunarstöðin er 526 m² og í alla staði vönduð bygging. Veggir eru uppsteyptir, límtréssperrur og

yleiningar í þaki. Húsið skiptist í 3 hluta. Uppeldisfjós fyrir lífgripi, millibyggingu, m.a vegna sæðis- töku, sóttvarna og starfsmannaaðstöðu og kúahluta með legubásunum fyrir 20 kýr. Undir hvoru fjósi eru aðskildir haugkjallarar með kanalkerfi. Við stöðina er gerði þar sem hægt er að handsama og meðhöndla gripi. Þann 2. desember 2017 var svo opið hús í stöðinni fyrir bændur og aðra gesti þar sem þeim gafst kostur á að skoða bygginguna. Þangað mætti fjöldi manns til að kynna fyrirhugaðri starfsemi.

Kostnaður við verkefnið

Endurskoðuð kostnaðaráætlun, sem gerð var þegar leið á árið 2017, gerir ráð fyrir að framkvæmdin í heild muni kosta 133,2 milljónir, sem miðast við fullgerða einangrunarstöð ásamt nauðsynlegum búnaði og vélakosti. Þá gerði áætlunin ráð fyrir 23,8 milljónum í kaup á fósturvísunum og kúm, sýnatöku og launakostnað. Áætlunin hefur að mestu gengið eftir, en til að mæta kostnaði við uppbyggingu og rekstur, hefur stöðin notið framlaga af samningi um starfsskilyrði nautgriparræktar, úr Þróunarsjóði nautgriparræktar og frá Framleiðnisjóði. Rekstraráætlun fyrir árið 2018 gerir ráð fyrir rekstrarkostnaði upp á 25 milljónir kr. og hafa stöðinni verið afmarkaðir fjármunir vegna þess úr nautakjötshluta Nautgripasamningsins.

Innflutningur fósturvísa

Í september voru keyptar 42 kýr af bændum í nágrenni stöðvarinnar og á Rangárvöllum. Fósturvísarnir, 41 að tölu, komu svo 14. nóvember til landsins en þeir voru teknir á tveimur búum í Noregi, Høystad Angus og Nordstu Angus, í byrjun maí 2017. Þorsteinn Ólafsson dýralæknir stöðvarinnar sá um að koma þeim fyrir í desember sl. ásamt Sveini Ólasyni dýralækni og Guðmundi Skúlasyni frjótækni. Fósturvísunum var svo komið

fyrir í 32 kúm og nú þegar fangskoðun hefur farið fram er ljóst að 11 kúr hafa haldið. Kálfarnir fæðast í september 2018 og verður þeim í kjölfarið komið fyrir í einangrun, þar sem þeir verða í 9 mánuði að lágmarki. Að þeim tíma liðnum verður hægt að fara að taka sæði úr nautkálfunum sem síðan verða seldir til bænda. Kvígurnar verða eftir á búinu en hugmyndin er að koma upp hjörð með hreinum Angus kúm.

Búið er að panta fleiri fósturvísar frá Noregi og fyrirhugað er að kaupa fleiri hentugar kúr með vorinu og setja fósturvísana upp í ágúst. Helst í 40 kúr. Kálfar sem úr því koma fæðast að vori 2019 og fara í einangrun að hausti.



Kýrnar komnar inn í fjósið. Ljósmynd Sveinn Sigurmundsson.

- ♦ 1614 Lara av Høystad x 74039 Li's Great Tigre 11 stk.
- ♦ 532 Letti av Nordstu x 74039 Li's Great Tigre 4 stk.
- ♦ 538 Lissi av Nordstu x 74039 Li's Great Tigre 2 stk

Eins og áður sagði eru í einangrunarstöð Nautís nú 11 fengnar kúr og er ætterni kálfanna sem þær ganga með eftirfarandi:

- ♦ 5 eru undan 1614 Lara av Høystad x 74039 Li's Great Tigre, MF 74047
- ♦ 4 eru undan 532 Letti av Nordstu x 74039 Li's Great Tigre, MF 74025
- ♦ 1 er undan 1621 Leslie av Høystad x 74039 Li's Great Tigre, MF 74048
- ♦ 1 er undan 1601 Lita av Høystad x 74033 First-Boyd fra Li, MF 74029

Eftir síðustu fóstuvísatöku í Noregi vorið 2017 eru enn til 17 fósturvísar og skiptist ætterni þeirra þannig:

Eins og sjá má á þessu er mikill skyldleika á kálfunum sem væntanlegir eru og þeim fósturvísam sem nú þegar eru til í Noregi. Því er nú lagt upp með að fengnir verði allt að 30-35 nýir fósturvísar vorið 2018, svo ekki þurfi að nota alla þá sem þegar eru til og þannig reynt að tryggja viðunandi fjölbreytni í ætterni hjarðarinnar sem verið er að koma upp á stöðinni. Stjórn Nautís leggur til að nýju fósturvísarnir verða feðraðir með eftirtöldum reyndum nautum:

- ♦ 74029 Horgen Erie, heildareinkunn 115, verði notaður á tvær kvígur
- ♦ 74033 First-Boyd fra Li, heildareinkunn 118, verði notaður á þrjár kvígur
- ♦ 74043 Hovin Hauk, heildareinkunn 109, verði notaður á tvær kvígur



Fjóskyggingin í júlilok 2017. Ljósmynd Helga Sigurðardóttir.

Framtíðar skipulag stöðvarinnar

Horft er til þess að í stöðinni verði til hjörð Aberdeen Anguskúa sem erfðalega getur staðist samjöfnuð við það sem best gerist í nágranna-löndum. Með reglubundnum innflutningi erfðaefnis í þessa kúahjörð verður síðan hægt að bjóða bændum stöðugt aðgengi að nýjum og öflugum kynbótagripum.

Skipta má verkefninu í þrjá áfanga:


1. **Byggingu einangrunarstöðvar:** Er nú að mestu lokið
2. **Uppbyggingu kúahjarðar:** Fyrstu kvígurnar fæðast nú í haust, næsti hópur 2019. Þangað til að náðst hefur nægjanlega stór hópur góðra Anguskúa í stöðina, verður að reikna með áframhaldandi fóstuvísainnflutningi. Væntanlega verður þó samhliða hægt að byrja notkun sæðinga á næsta ári, þegar fyrstu arfhreinu kvígurnar verða kynþroska. Þetta tímabil gæti staðið í 3–5 ár.
3. **Starfsemin komin í reglubundinn farveg:** Kýr sæddar með innfluttu sæði að hausti. Kálfar fæðast að vori eða snemma sumars. Kálfar fara í einangrun að hausti og kýr sæddar að nýju. Sæðistaka og sala kálfa frá stöð að lokinni einangrun.

Þá eru uppi hugmyndir um að kanna möguleika á að nýta þekkingu sem verið er að afla í nálægum löndum á sviði erfðamengisúrvals, til að meta kynbótagildi þeirra gripa sem koma í heiminn á stöðinni. Eins er ástæða að skoða möguleika á töku fósturvísa úr efnilegum kvígum jafnhliða sæðistöku úr nautum í stöðinni til notkunar hjá bændum.

Lokaorð

Að baki er viðburðaríkt ár í starfi Nautis og talsvert hefur reynt á svo ljúka mætti öllum verkþáttum í tæka tíð. Er þar mörgum að þakka, en líklega er á enga hallað þó nefndir séu sérstaklega framkvæmdastjórinn, Sveinn Sigurmundsson og bústjóri stöðvarinnar, Baldur I Sveinsson, sem verið hafa vaknir og sofnir yfir verkinu frá fyrsta degi. Þá er ekki síður ástæða að nefna aðkomu Þorsteins Ólafssonar dýralæknis, en sérþekking hans reyndist stöðinni afar dýrmæt þegar kom að uppsetningu fósturvísana og óvíst að það verk hefði að öðrum kosti hafst í tæka tíð. Sú reynsla kennir okkur að afar brýnt er að efla þekkingu hér innanlands í meðferð fósturvísa nautgripa og hæpið að treysta á að fá slíka þjónustu einvörðungu keypta erlendis frá.

Sigurður Loftsson sjórnarformaður Nautis



Myndir úr einangrunarffósinu á ýmsum byggingastigum og kýrnar una vel við sitt..

Ljósmyndir: Helga Sigurðardóttir og Sveinn Sigurmundsson.

109. aðalfundur

Búnaðarsambands Suðurlands

haldinn 11. apríl 2017 að Félagslundi í Flóahrepp.

1. Fundarsetning, Gunnar Kr. Eiríksson formaður.

Gunnar Kr. Eiríksson setti fundinn og bauð fulltrúa, starfsmenn, gesti og formann Bændasamtaka Íslands velkomna. Oddný Steina Valsdóttir nýkjörinn formaður LS bað fyrir góðar kveðjur til fundarins. Hann gerði það að tillögu að Helgi Eggertsson, Kjarri, stýrði fundi og Helga Sigurðardóttir, starfsmaður Búnaðarsambandsins ritaði fundargerð.

2. Skipan kjörbréfanefndar, Sveinn Sigurmundsson.

Sveinn Sigurmundsson bar upp tillögu um skipan kjörbréfanefndar; Jón Vilmundarson, Skeiðháholti, Þórarinn Bjarnason, Þykkvabæ og Baldur Björnsson, Fitjarmýri. Tillagan samþykkt.

3. Skýrsla stjórnar, Gunnar Kr. Eiríksson formaður.

Gunnar fór yfir stöðuna frá síðasta aðalfundi á Höfðabrekku. Stjórnarbreyting varð er hann tók við formennsku og Jón Jónsson, Prestsbakka gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Því var kosinn einn fulltrúi úr V-Skaftafellssýslu, Sigurjón Eyjólfsson, Pétursey í hans stað og Björn Helgi Snorrason, Kálfafelli til vara. Baldur Indriði sat ekki stjórnarfundum þetta árið en Helgi Eggertsson, Kjarri sat fundi í hans stað, aðrir stjórnarmenn voru Erlendur og Ragnar.

Stjórnin hittist 6 sinnum á formlegum fundum, en átti samskipti á óformlegum fundum oftar. Formannafundur var á Stóra-Ármóti 9. febrúar og sótti formaður líka aðra fundi á vegum BÍ auk tilraunaneftundafundar á Stóra-Ármóti.

Breytingar á fjósi á Stóra-Ármóti eru fyrirhugaðar sem munu kosta talsvert, en breytinga er þörf til að aðlagast nýrri aðbúnaðarreglugerð.

Formaður hefur sótt marga fundi út af Nautís en það verkefni er í þróun og von að mikill tími fari í það svona í byrjun.

Tilraunastarfsemi á Stóra-Ármóti er of lítil og þarf að finna leiðir til að auka tilraunastarf í íslenskum landbúnaði.

Þróun á nýju félagskerfi er líka það sem brennur á stjórn og þar eru breyttir tímar og þarf að

aðlaga að nýjum aðstæðum.

Máttur bænda er mikill þegar þeir standa saman.

4. Reikningar BSSL og skýrsla framkvæmdastjóra, Sveinn Sigurmundsson.

Sveinn byrjaði á að þakka góða mætingu og sagði að þetta væri í fyrsta skipti sem ársritið væri eingöngu unnið af okkur, eða starfsmanni okkar Helgu Sigurðardóttur.

Tekjur hjá Búnaðarsambandinu voru 78 milljónir, Kynbótastöð 125 milljónir, Sauðfjársæðingastöð tæpar 14 milljónir og Bændabókhald 28 milljónir. BSSL hefur ekki utanaðkomandi tekjur aðrar en félagsgjöld og þær sem ætlaðar eru í úttektarvinnu seinni hluta ársins. Mikill kostnaður var í viðhald á húsnæði sambandsins eða rúmar 6 milljónir. Markaðsverðbréf skiluðu litlum vöxtum á síðasta ári. Hagnaður ársins var tæpar 1,9 milljónir. Fyrirtæki Búnaðarsambandsins þurfa að koma í auknum mæli að kostnaði vegna stjórnunar, bókhalds og aðstöðu.

Kynbótastöðin var með tap upp á 960 þúsund. Kjarasamningar við frjótækna standa yfir. Kynbótastöðin annast 45% af sæðingum á landinu. Akstur á sæðingu er 17 km en á Austurlandi eru 45 km að baki hverrar sæðingar. Aksturskostnaður er lítill eða 36 kr/km. Starfsstöð í Vík lagðist niður og kúabúum í Vestur-Skaftafellssýslu fækkað mikið. Sæðingar á Suðurlandi eru ódýrastar á landinu fyrir utan Eyjafjörð. Klaufskurður var framkvæmdur á 4613 kúm á 93 búum. Tveir nýir frjótækna, Sigurður Max Jónsson og Eyþór Karl Ingason voru þjálfaðir til starfa á árinu.

Sauðfjársæðingastöðin er með 111 þúsund í hagnað. Metþátttaka var á síðasta ári eða 15.570 ær sæddar með fersku sæði. Nýting á útsendu sæði var 68% en þarf helst að ná 70%. Sæðingahrúturinn Bergur var eftirsóttastur og meiri en hægt var að anna en aðeins hægt að verða við helming af óskum bænda. Ávinningur af sauðfjársæðingum er ótvíræður. Frá áramótum verða Sauðfjársæðingastöðin og Kynbótastöðin Laugardælum sameinuð í Kynbótastöð ehf. Engin útflutningur var á hrútasæði því ekki náðist í tíma að verða við

auknum kröfum innflutningslandana.

Rekstur bændabókhalds er í jafnvægi. Breytingar urðu í starfslíði. Sigurlaug Jónsdóttir og Skafti Bjarnason létu af störfum Gunnar Ríkhartsson kom til starfa um áramót. Það eru sóknarfæri í þessu fyrirtæki. Stofnað verður nýtt félag Bændabókhald ehf. sem tekur gildi frá áramótum.

Stóra-Ármót er með svipaðar afurðartekjur og á fyrra ári. Rekstrarkostnaður hækkar vegna viðhalds húsa. Gamla fjósið var endurbætt með það fyrir augum að hægt væri að taka þar inn kýr og setja fósturvísa í vegna innflutnings á erfðafæni holda-gripa.

Niðurstöður fódurtilraunar sem gerð var í fyrra vetur á Stóra Ármóti sýndu að það er hægt að hafa áhrif á fitu í mjólk með gjöf á fitu í fœðri. Tilraunastjórinn Hrafnhildur Baldursdóttir lét af störfum þar sem LbHÍ treysti sér ekki til að fastráða hana.

Fyrirhugað er að breyta fjósinu á Stóra Ármóti í lausagöngu með legubásun. Kostnaðaráætlun er upp á 23 milljónir.

Búnaðarsambandið mun sjá um úttektir vegna landgreiðsna og jarðræktarstyrkja í haust en yfirmensjón hefur Búnaðarstofa hjá MAST. Alls eru þetta rúmlega 600 milljónir sem renna til bænda. Heimilt er að nota hluta af þessum fjármunum til að greiða út á tjón vegna álfta og gæsa.

Um áramótin var hætt að innheimta sjóðagiöld sem bændur hafa greitt til stoðkerfisins alls um 600 hundruð milljónir. Félögin þurfa því að fjármagna starfsemi sína á félagsgjöldum. Sveinn hefur mætt á fjölmarga fundi hjá aðildarfélögum BSSL til að kynna þær breytingar sem framundan eru og um leið að hvetja bændur til að standa vörð um félögin sín. Búin greiða mun minna nema þau allra minnstu. Stóra Ármótsbúið greiddi um 600 þúsund krónur í sjóðagiöld sem er þá af 50 milljóna krónu veltu. Með því að taka þátt í LK, BÍ og LS mun þetta bú greiða 160 þúsundir og hafa því 440 þúsundir í afgang. Tillaga kemur frá stjórn um að hafa félagsgjöldin óbreytt eða 3 þúsund krónur á aðila.

Lög Búnaðarsambandsins kveða á um að aðildarfélögin skuli standa skil á árgjöldum til sambandsins. Búnaðarsambandið ætlar að bjóða aðildarfélögum sínum upp á þjónustu við innheimtu félagsgjalda, bókhald og fleira ef þau þess óska.

Búnaðarsambandið er grasrótarsamtök bænda/ og landsbyggðarfólks á Suðurlandi. Félagsmenn fá m.a. afslátt af þeirri vinnu sem samtökin sinna, aðgang að þeirri aðstöðu sem samtökin geta boðið upp á, aðild að BÍ og kosningarrétt til Búnaðarþings. Sameiningartákn bænda í 110 ár á næsta ári.

Umrót og endurskipulagning félagskerfisins stendur yfir, bændur eiga að standa saman og taka þátt í félagsstarfi. BSSL á öflug fyrirtæki með miklar eignir. Óvissa er um hver þróunin verður um úttekt vegna jarðræktarstyrkja en ýmis stjórnsýsluverkefni eru farin frá BÍ og BSSL yfir til MAST. Mikilvægast að bændur standi saman.

5. Umræður um skýrslur og reikninga.

Ólafur Þ. Gunnarsson Giljum, þegar taka átti leiðbeiningarþjónustuna frá BSSL, vissu bændur á Suðurlandi að þeir myndu ekki græða á þessari breytingu. Hann tekur undir orð Sveins að mikilvægt sé að bændur standi saman. Til að vinna gegn félagslegri einangrun er mikilvægt að bændur sameinist í að standa vörð um BSSL. Hefur áhuga á að vera áfram fulltrúi á Búnaðarþingi, og fékk hvatningu til að vera til staðar fyrir yngri bændur.

Daníel Magnússon, Akbraut tekur undir orð Ólafs og finnst umræðan ekki vera á réttri leið þegar talað er um að leggja niður Búnaðarsambandið.

Erlendur Ingvarsson Skarði, lýsti yfir framboði til Búnaðarþings og tilbúinn að leggja sitt af mörkum til uppbyggingar á íslenskum landbúnaði. Trausti Hjálmarsson Austurhlíð lýsir yfir framboði til Búnaðarþings.

Ragnar Lárusson Stóra Dal lýsti yfir framboði til Búnaðarþings og þakkar fyrir að áður nefndir menn gefi kost á sér.

Gunnar Kr. Eiríksson gefur kost á sér áfram, hefur setið á 4 búnaðarþingum og þakkar fyrir hið góða starf sem hefur verið unnið á undanföllum árum.

Páll Eggertsson, Arngeirsstöðum, hefur verið fulltrúi á síðasta Búnaðarþingi og gefur kost á sér áfram.

6. Matarhlé.

7. Kjörbréfanefnd skilar álit.

Jón Vilmundarson, formaður nefndarinnar tók til máls. Rétt til setu eiga 31 búnaðarfélög, þar af 2 með 2 fulltrúa. Búgreinafélögin 5 eiga rétt á 14 fulltrúum alls 47 fulltrúar. Kjörbréf eru lesin upp og í ljós kemur að eftirfarandi fulltrúar eru mættir:

Búnaðarfélag Gaulverjabæjarhrepps

Þorsteinn Ágústsson, Syðra-Velli.

Búnaðarfélag Stokkseyrarhrepps

Björn Harðarson, Holti

Búnaðarfélag Sandvíkurhrepps

María Hauksdóttir, Geirakoti.

Búnaðarfélag Hraungerðishrepps
Ragnar Finnur Sigurðsson, Litla-Ármóti.

Búnaðarfélag Villingaholtshrepps
Reynir Þór Jónsson, Hurðarbaki.

Búnaðarfélag Skeiðahrepps
Jón Vilmundarson, Skeiðháholti.

Búnaðarfélag Gnúpverjahrepps
Jón Marteinn Finnbogason, Minni-Mástungu

Búnaðarfélag Hrunamannahrepps
Benedikt Ólafsson, Auðsholti

Þórunn Andrésdóttir, Bryðjuholti.

Búnaðarfélag Bláskógabyggðar
Trausti Hjálmarsson, Austurhlíð 2.

Ingvi Þorfinnsson, Spóastöðum.

Búnaðarfélag Þingvallahrepps
Gunnar Þórisson, Fellsenda.

Búnaðarfélag Grímsneshrepps
Ágúst Gunnarsson, Stærri-Bæ

Búnaðarfélag Ölfushrepps
Pétur B. Guðmundsson, Hvammi.

Búnaðarfélag Eyrabakka
Enginn fulltrúi.

Búnaðarfélag A-Eyjafjallahrepps
Enginn fulltrúi.

Búnaðarfélag V-Eyjafjallahrepps
Eyvindur Ágústsson, Stóru-Mörk.

Búnaðarfélag A- Landeyjarhrepps
Jóhann Nikulásson, Stóru-Hildisey

Búnaðarfélag V-Landeyjarhrepps
Guðmundur Jónsson, Berjanesi.

Búnaðarfélag Fljótshlíðahrepps
Páll Eggertsson, Arngeirsstöðum.

Búnaðarfélag Hvolhrepps
Enginn fulltrúi.

Búnaðarfélag Rangárvallahrepps
Björgvin Reynir Helgason, Lambhaga.

Búnaðarfélag Landmannahrepps
Páll Sigurjónsson, Galtalæk.

Búnaðarfélag Holtahrepps
Daníel Magnússon, Akbraut.

Búnaðarfélag Djúpárhrepps
Ágúst Sæmundsson, Bjólu

Búnaðarfélag Ásahrepps
Enginn fulltrúi.

Búnaðarfélag Hörgslandshrepps
Rúnar Þorri Guðnason, Keldunúpi.

Búnaðarfélag Kirkjubæjarhrepps
Þórarinn Bjarnason, Þykkvabæ 1.

Búnaðarfélag Álftavers
Gottveinn Eggertsson, Holti

Búnaðarfélag Leiðvallahrepps
Enginn fulltrúi.

Búnaðarfélag Skaftártungu
Enginn fulltrúi.

Búnaðarfélag Hvammshrepps
Ólafur Þorsteinn Gunnarsson Giljum

Búnaðarfélag Dyrhólahrepps
Gunnar Þormar Þorsteinsson, Dyrhólum.

Félag sauðfjárbænda í Árnessýslu
Geir Gíslason, Stóru-Reykjum.

Jökull Helgason, Ósabakka 1.

Félag sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu
Erlendur Ingvarsson, Skarði.

Stefán Þór Sigurðsson, Þjóðólfsþaga.

Baldur Björnsson, Fitjarmýri.

Félag sauðfjárbænda í V-Skaftafellssýslu
Sæunn Káradóttir, Norðurhjáleigu.

Marvin Einarsson, Skerjavöllum 4.

Loðdýraræktarfélag Suðurlands
Hjalti Logason, Neðri-Dal.

Félag kúabænda á Suðurlandi
Rafn Bergsson, Hólmahjáleigu.

Borghildur Kristinsdóttir, Skarði.

Samúel U. Eyjólfsson, Bryðjuholti

Karel Geir Sverrisson, Seli.

Ágúst Ingi Ketilsson, Brúnastöðum

Mættir eru 40 fulltrúar.

Álit kjörbréfanefndar er samþykkt samhljóða.

8. Innflutningur á fósturvísunum, Sigurður Loftsson

Sigurður fór yfir erindi sem flutt var á aðalfundi Landsambands kúabænda í síðasta mánuði um innflutning erfðæfnis holdagripa. Í dag eru á landinu til 3 stofnar af holdakynjum. Galloway var flutt inn um 1930. Fyrir síðustu aldamót voru svo flutt inn fósturvísar úr Aberdeen Angus og Limousine. Þetta var hugsað sem blendingsræktun við íslenska stofninn og til að fá meiri kjötgæði.

Fyrir nokkrum árum var farið að vinna meira í að opna fyrir innflutningi á fósturvísunum og frá 2009 hafa verið nokkrir fundir með ráðherra og ályktanir gerðar til að vinna að innflutningi. Á þessum tíma hafa nokkur áhættumöt verið unnin bæði hér heima og eins frá erlendum aðilum. Niðurstöður voru þær að hverfandi áhætta væri á því að flytja inn ferskt sæði. Vinna við gerð á heilbrigðisvottorðum milli matvælastofnana Noregs og Íslands lauk í október 2016.

Taka á fósturvísa um mánaðarmótin apríl maí en uppsetning þeirra mun ekki verða fyrr en í ágúst eða september. Kálfarnir munu því koma í heiminn eftir u.þ.b. ár. Þeir þurfa svo að vera í einangrun í stöðinni í 9 mánuði. Afkvæmi hér á landi munu

koma í heiminn um mitt ár 2020 og afurðir á markað um 2021. Ferlið frá upphafi og þangað til að afurðir koma á markað er orðið ansi langt.

Stöðin er í eigu Nautgriparéktarmiðstöðvar Íslands ehf (Nautís), sem aftur er í jafnri eigu Landssambands kúabænda, Bændasamtaka Íslands og Búnaðarsambands Suðurlands. Í stjórn Nautís sitja þeir Sigurður Loftsson sem fulltrúi LK, Sveinbjörn Eyjólfsson, fulltrúi BÍ og Gunnar Kr. Eiríksson sem fulltrúi BSSL. Sigurður er formaður stjórnar. Framkvæmdastjóri félagsins er Sveinn Sigurmundsson. Dýralæknir stöðvarinnar er Þorsteinn Ólafsson og starfsmaður er Baldur Indriði Sveinsson. Þá hefur Baldur Helgi Benjamínsson, búfjárfæðingur verið félaginu til ráðuneytis undanfarna mánuði. Í nýjum búvörusamningi var samið um sérstakt 100 m.kr. framlag til uppbyggingar á stöðinni. Þá hefur þróunarsjóður nautgriparéktar styrkt stöðina um 6,4 milljónir til kaupa á fósturvísu. Einnig er gert ráð fyrir að hluta af stuðningi búvörusamningsins við nautakjötsframleiðslu verði ráðstafað til að reka stöðina á komandi árum.

Holdakynið Aberdeen Angus var valið vegna þess að þetta eru harðgerðir gripir, með gott skap sem nýta gróffóður og beit vel. Kýrnar eru mjólkurlagnar og kjötgæði eru góð. Eftirspurn eftir nautakjöti er meiri en innanlandsframleiðsla annar og hugmyndin að baki innflutningnum er að styðja við og bæta nautakjötsframleiðslu á Íslandi.

Ræktunarfélag holdagripa í Noregi Tyr mun velja 10 kýr frá tveim búum til skólunar. Alls verða keyptir 40 fósturvísar. Nautin hafa verið valin eftir tillögu Baldurs Helga Benjamínssonar búfjárfæðing og samþykkt af fagráði í nautgriparékt. Erum að leggja drög að starfi sem mun standa í framtíðinni og er mikið brautryðjendastarf, því mikilvægt að vera með góðan grunn.

9. Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ ávarpar fundinn

Sindri flutti kveðjur frá stjórn og starfsfólki BÍ, en síðasta ár hefur verið mikið umbreytingarár. Í febrúar 2016 var skrifað undir nýja búvörusamninga. Eftir það tók við smíði verklagsreglna og samninga við bændur. Alþingi afgreiddi ekki búvörusamninga fyrr en haustið 2016, en þá var endurskoðunarákvæði sett inn og 9 atriðum breytt, m.a. skipan vinnuhópsins sem var ekki með okkar samþykki. Yfirfærsla verkefna til MAST var um áramótin og því skammur tími til að ganga frá greiðslum til bænda, sem drógust og má flokkast

sem byrjunarerfiðleikar.

Samráðshópurinn hefur ekkert með samningagerð að gera, fyrst og fremst að vinna að sátt um framtíðarsýn á landbúnaðarmálum almennt. Þar reynum við að nálgast vinnuna með opnum huga og hafa upplýsta umræðu.

BÍ er að vinna að greiningu á sérstöðu íslensk landbúnaðar m.v. landbúnað í Bandaríkjunum og Evrópu. Greiningin á að sýna m.a. kolefnisfótspor, loftslagsmál og umhverfismál íslensk landbúnaðar. Umhverfismál tilheyrir umhverfisráðuneyti, vegvísir um losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði er í vinnslu sem og umhverfisstefna um landbúnaðinn í heild.

Heilnæmur íslenskur landbúnaður er það sem við þurfum að leggja áherslu á og landbúnaður sem er stundaður í sátt við samfélagið. Upprunamerkingar eiga að vera í góðu lagi, sem og dýravelferð og lyfjamál. Almennur þarf að vita að þessi mál eru í lagi og oft mun betri en í öðrum löndum.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra kom á aðalfund BÍ í Hofi og hélt fína ræðu um mikilvægi landbúnaðar á Íslandi. Sú ræða var þó ekki í samræmi við gjörðir hennar nokkrum dögum síðar, er hún fór að gagnrýna samkeppnisstöðu mjólkuriðnaðarins. Staðan í sauðfjárræktinni er eins og í öðrum útflutningsgreinum þar erum að takast á við sterkt gengi íslensku krónunnar og erfitt að flytja út kjöt. Verðfall er yfirvofandi á haustdögum og ljóst að eitthvað þarf að gera og kannski þarf að finna leiðir til að draga tímabundið úr framleiðslu.

Enginn ræður örlögum félaga nema félagsmenn sjálfir. Félagsmenn hafa fengið senda greiðsluseðla en vinna við þessa útsendingu er m.a. í höndum Guðbjargar Jónsdóttur, starfsmanns verkefnisins. Móttökurnar hafa verið góðar nú þegar skilað sér inn félagsgjöld fyrir um 70 milljónir kr. en við þurfum 100 milljónir. Peningarnir verða nýttir til að gera öflug samtök sem standa vörð um hagsmunamál bænda. Til að verða fullgildur félagi þarf að greiða 42 þúsund og vera aðilar í a.m.k. einu aðildarfélagi BÍ. Félagið vinnur að hagsmunamálum bænda og félagsaðild veitir 30% afslátt að forritum BÍ, félagar geta líka sótt styrk í starfsmenntasjóð, væntanlegan velferðarsjóð og afslátt á Hótel Sögu og orlofsíbúðum ofl. Höfum í huga að samtakamáttur heildarinnar verður meiri ef fjöldanum er náð.

10. Umræður

Erlendur Ingvarsson spurði hvort ekki hefði verið betra að BÍ væri síðast en ekki fyrst í að innheimta félagsgjöld þar sem skilyrði til að vera í BÍ er að vera aðili í einu aðildarfélagi.

Samúel Eyjólfsson kom með fyrirspurn um hvað áætlað væri að holdagripafjosið muni kosta og benti á að möguleiki væri á að sækja um fjármuni sem ætlaðir eru í framleiðslujafnvægi í búvöru-samningunum.

Sindri svaraði Erlendi. Við þurftum að drífa þetta af til að gera þetta. Um mitt ár förum við yfir stöðuna varðandi félagsaðild í öðrum félögum. Við þurfum a.m.k. þetta ár til að þróa félagskerfið.

Sigurður svaraði Samúel varðandi kostnað við byggingu á stöðinni. Höfum unnið ítarlega kostnaðaráætlun með byggingu hússins sem hljóðar upp á 120 millj. en er bjartsýnn á að kostnaðurinn verður minni. Einangrunarstöðin er 2 fjós með millibyggingu og að öllu er farið í ítrustu kröfur vegna sóttvarna. Aðskilin haughús með kanalkerfi er undir báðum einingunum og haughrætur við hvort þeirra. Ljóst að það þarf meiri pening í verkefnið og þar horfir hann til ákvæðis um framleiðslujafnvægi í búvörusamningum. Ekki vilji til að taka fjármuni af peningum sem eiga að fara beint til bænda. Þá munu fósturvísar, kýr, kostnaður við sýnatöku og við að koma þeim í kosta um 15 milljónir.

Erlendur spyr um árlegan rekstrarkostnað við holdagripabúið.

Sigurður gerði grein fyrir því að í búvörusamningum er gert ráð fyrir 25 milljón króna rekstrarframlagi á ári. Tekjur búins verða; Gripagreiðslur, sala á lífgripum, sala á sæði og sláturafurðir. Kostnaður verður vegna launa, dýralæknis, erfðafnis auk hefðbundins kostnaðar við rekstur á nautgripabúi.

11. Kosningar. Kosið um 2 stjórnarmenn og 2 í varastjórn úr Árnessýslu.

Fundarstjóri óskaði eftir hléi á fundi og fundarmenn úr Árnessýslu héldu fund um hvaða fulltrúa þeir sammæltust um.

Fundarstjóri bar upp tillögu að stjórnarmönnum úr Árnessýslu, þ.e. Gunnar Kristinn Eiríksson og Helgi Eggertsson sem aðalmenn og Þórunn Andrésdóttir og Ragnar Finnur Sigurðsson sem varamenn. Samþykkt með lófaklappi.

12. Tillögur lagðar fram og kynntar

Sveinn kynnti tillögur stjórnar um óbreytt félags-

gjald og þjónustu Búnaðarsambandsins við aðildarfélögin.

Jökull Helgason vill flytja verkefni sem voru hjá búnaðarsamböndum frá MAST og setja þau aftur til búnaðarsambanda.

13. Nefndir hefja störf.

Sveinn Sigurmundsson lagði til að nefndirnar yrðu 2 sem hér segir; Allsherjarnefnd formaður Jóhann Nikulásson, fjárhagsnefnd formaður Páll Eggertsson.

14. Kosningar til Búnaðarþings.

Sigríður Jónsdóttir Arnarholti, lýsti yfir framboði til setu á Búnaðarþingi, vegna þess að hún hefur áhyggjur af dreifbýlisþróun á Íslandi. Aðeins 6,2 % af heildarmannfjölda á Íslandi býr nú í dreifbýli. Stjórnmalaflokkarnir sem buðu fram til Alþingis voru flestir með fólk af höfuðborgarsvæðinu í efstu sætum lista sinna úti á landi og enginn flokkur um málefni landsbyggðar í stefnuskrá sinni. Stefna BÍ virðist vera að etja bændum saman og eyðileggja kerfið sem við höfum verið að byggja upp. Sumir sjá það sem möguleika að sauðfjárbúskapur á Suðurlandi leggist af. Sunnlendingar geti lifað af með því að stunda ferðaþjónustu. Við erum í samkeppni við alla veröldina og þá er erfitt að þurfa að etja kappi við nágranna.

Þórunn Andrésdóttir, Bryðjuholti kom í pontu og lýsti yfir framboði til setu á Búnaðarþingi.

Jóhann Nikulásson Stóru Hildisey, hefur setið á Búnaðarþingi sl. 8 ár, 5 fyrir LK og 3 fyrir BSSL. Hann hefur áhyggjur af þróun félagskerfisins. Þarf að fara í alsherjar uppstokkun á því og þurfa menn að koma að því með opnum hug. Bændum er að fækka og því er nauðsynlegt að gera eitthvað í málunum.

15. Viðurkenning til starfsmanna fyrir langa og farsæla starfsævi.

Sveinn talaði um að mesta gæfa hvers fyrirtækis væri að eiga góða starfsmenn og fengu eftirtaldir starfsmenn viðurkenningu fyrir langa og farsæla starfsævi.

Smári Tómasson fyrir 42 ára starf sem frjótækni

Þorsteinn Ólafsson dýralæknir fyrir 31 árs starf að frjöseminautgripa og sauðfjár

Kristjáni Bj Jónssyni fyrir 43 ára starf sem jarðræktarráðunautur

Þorsteinn Ólafsson þakkaði fyrir þessa viðurkenningu. Tilviljanir eru skemmtilegar og af hverju fór hann í sveit í Gnúpverjahrepp, af hverju fór hann að læra dýralækni og fór að vinna við að gera það

sem hann var slakastur í þ.e. að fangskoða kýr. Væri mögulega enn dýralæknir í Búðardal, ef hann hefði ekki farið í framhaldsnám. Fór í Hrísey og svo til Kynbótastöðvar Suðurlands, þakkar fyrir að hafa fengið að vinna með öllu þessu góða fólki hér á Suðurland

16. Tillögur lagðar fram frá nefndum, umræður, afgreiðsla.

Tillaga nr. 1 frá allsherjarnefnd.

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn í Félagslundi 11. apríl 2017, beinir því til stjórnar að aðildarfélögum sé boði upp á þjónustu (gegn gjaldi) við innheimtu alls árgjalds aðra bókhaldsvinnu og sjái um félagatalið. Samrýmist það samþykktum Búnaðarsambands Suðurlands.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls. Tillagan var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 2 frá allsherjarnefnd.

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Félagslundi Flóa 11.apríl 2017 skorar á fyrirtæki sem eru í vinnslu og sölu á íslenskum landbúnaðar-afurðum að merkja vörur sínar á fleiri tungumálum en einungis íslensku, jafnframt að upprunamerkingar séu augljósar á umbúðum.

Greinargerð: Mikil aukning hefur verið á fjölda ferðamanna á Íslandi á síðustu árum. Mörg þekkt dæmi eru um að ferðamenn kaupi landbúnaðar-afurðir sem þeir vita ekki hverjar eru vegna ófullnægjandi merkinga. Viljum við því skora á fyrirtæki sem eru í vinnslu og sölu á íslenskum landbúnaðar-afurðum að bæta merkingar á vörum sínum þannig að heiti vörunnar, uppruni, innihaldslýsing og notkunarleiðbeiningar komi fram á fleiri tungumálum en einungis íslensku.

Tillaga nr. 3 frá allsherjarnefnd.

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Félagslundi Flóa 11.apríl 2017, beinir því til stjórnar að gera langtímasamning við Matvæla-stofnun um þau verkefni sem snúa að úttektum í samræmi við búvörusamninga.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls. Tillagan var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 4 frá fjárhagsnefnd.

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn í Félagslundi, 11. apríl 2017, samþykkir að árgjald til Búnaðarsambands Suðurlands fyrir árið 2017 verði óbreytt kr. 3.000,- á félagsmann.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til

máls. Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 5 frá fjárhagsnefnd.

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn í Félagslundi 11. apríl 2017, samþykkir að þóknun aðalfundarfulltrúa miðist við sem svarar einföldum dagpeningum ríkisstarfsmanna. Það er kr. 11.200,-

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls. Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 6 frá fjárhagsnefnd.

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn í Félagslundi 11. apríl 2017, samþykkir að laun stjórnarmanna verði 10.000 kr. fyrir hvern stjórnarfund auk dagpeninga samkvæmt ríkistaxta og aksturs 80 kt.pr.km. Formaður fái tvöföld laun og dagpeninga á við aðra stjórnarmenn auk aksturs 80 kr.pr.km. Formaður fái að auki eingreiðslu sem nemur 300.000 kr.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls. Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 7 frá fjárhagsnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn í Félagslundi 11. apríl 2017, samþykkir fyrir-
liggjandi fjárhagsáætlun Búnaðarsambands Suðurlands fyrir árið 2017.

Sveinn útskýrði áætlunina, en hluti af áætluðu tapi er kostnaður við þak viðgerð á skrifstofuhúsnæði sem nemur 6 milljónum. Engar utanaðakomandi tekjur hjá Búnaðarsambandinu aðrar en félagsgjöld og greiðsla fyrir úttektarvinnu vegna land- og jarðræktarstyrkja.

Erlendur, finnst Sveinn of svartsýnn. Á þessu ári er ætlunin að ganga á sjóði og fækka starfsfólki.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls. Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

17. Niðurstöður kosninga til Búnaðarþings.

Erlendur Ingvarsson fékk 31 atkvæði, Ragnar Lárusson 30 atkvæði, Ólafur Þorsteinsson 27 atkvæði, Jóhann Nikulásson 24 atkvæði, og Sigríður Jónsdóttir 24 atkvæði og Trausti 22 atkvæði, aðrir fengu færri atkvæði.

18. Reikningar bornir undir atkvæði.

Reikningur BSSL fyrir 2016 samþykktur samhljóða með handauppréttingu.

19. Önnur mál.

Erlendur þakkaði fyrir góða kosningu og ætlar að

reyna að standa við sitt. Félagskerfið og búvörusamningar er það sem helst brennur á mönnum.

Ragnar þakkar fyrir það traust sem honum er sýnt, óskar nýjum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið og hefði heldur kosið að kosningin hefði verið skrifleg. Ætlar að standa vörð um Búnaðarsambandið.

Trausti óskar nýkjörinni stjórn velfarnaðar og þakkar fundinum fyrir kjörið. Hann mun halda vörð um Búnaðarsambandið og félagskerfið. Endurskoðun búvörusamninga er honum ofarlega í huga.

Gunnar fjallar um kúasæðingar og greindi frá að komið hafi tillaga á aðalfund LK að kúasæðingar á Íslandi verði á hendi LK. Hann vill sjá framkvæmd kúasæðinga á vegum búnaðarsambanda og telur góða sátt um það.

Jóhann þakkar traustið við kosningu til Búnaðarþings. Ræddi kúasæðingar og hefur staðið vörð um þessa starfsemi hér á Suðurlandi. Hann er hlynntur samvinnu öflugustu búnaðarsamandanna um rekstur kúasæðinga. BSSL, BSE og BúVest eiga að setjast yfir þetta og vinna að samvinnu um að taka að sér kúasæðingar á landsvísi.

Sveinn bendir á í sambandi þá hugmynd að framkvæmd sæðingastarfsins sé á einni hendi að stjórnun í nærumhverfi er oft auðveldari og skilvirkari en í fjærumhverfi. Ef framkvæmdin er vel

unnin heima fyrir og í sátt við bændur er þá ástæða til að breyta því.

Helgi greindi frá niðurstöðu kosninga varanna til Búnaðarþings en atkvæðin féllu þannig. Þórunn Andrésdóttir 31, Páll Eggertsson 28, Rafn Bergsson, 10, Ágúst Ketilsson 10, Jón Vilmundarson 7, Borghildur Kristinsdóttir 6 og Jökull Helgason með 5 atkvæði.

Fulltrúar Búnaðarsambands Suðurlands á Búnaðarþing til næstu tveggja ára eru;

Gunnar Kr. Eiríksson Túnsbergi sem formaður BSSL, Erlendur Ingvarsson Skarði, Ragnar M. Lárusson Stóra Dal, Ólafur Þ. Gunnarsson Giljum, Jóhann Nikulásson Stóru-Hildisey, Sigríður Jónsdóttir Arnarholti, Trausti Hjálmarsson Austurhlíð.

Til vara Þórunn Andrésdóttir Bryðjuholti, Páll Eggertsson Kirkjulæk, Rafn Bergsson Hólmahjáleigu, Ágúst Ketilsson Brúnastöðum, Jón Vilmundarson Skeiðháholti, Borghildur Kristinsdóttir Skarði, Jökull Helgason Ósabakka.

20. Fundarslit, Gunnar Kr. Eiríksson.

Gunnar Kr. Eiríksson fann að félagskerfið brennur á mönnum. Að lokum þakkaði hann fundarmönnum og starfsmönnum góðan fund og óskaði öllum góðrar heimferðar.

Fundið slitið kl: 16:57

Helga Sigurðardóttir



Stóri-Dímon, séð úr Fljótshlíðinni. Ljósmynd Halla Eygló Sveinsdóttir.

Lög Búnaðarsambands Suðurlands

1.gr.

Búnaðarsamband Suðurlands er samband búnaðar- og búgreinafélaga sem starfa að einhverju eða öllu leyti í Árnessýslu, Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu. Það er aðili að Bændasamtökum Íslands. Heimili og varnarþing þess er á Selfossi.

Nái starfssvæði aðildarfélags inn á starfssvæði annars búnaðarsambands skal leitað eftir samstarfssamningi við það.

2.gr.

Aðild að Búnaðarsambandinu geta átt þeir einstaklingar og lögaðilar, sem þess óska og stunda búrekstur í atvinnuskyni, enda séu þeir félagar í búnaðar- eða búgreinafélagi, sbr.1. gr. Aðild einstaklinga skal óháð því hvort þeir stunda búrekstur í eigin nafni eða annarra. Undir búrekstur fellur hverskonar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylrækt. Einnig eftirfarandi starfsemi fari hún fram á lögbýlum: Eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda, framleiðsla, úrvinnsla og þjónusta.

Einstaklingar sem félagar eru í fleiri en einu aðildarfélagi skulu tilnefna eitt þeirra sem sitt aðalfélag, sem þar með ber ábyrgð á aðild þeirra. Samkvæmt því skal Búnaðarsambandið halda skrá yfir aðildarfélög sín og samræmda félagaskrá yfir alla félagsmenn þeirra. Sú félagaskrá er jafnframt félagaskrá Búnaðarsambandsins.

3. gr.

Tilgangur Búnaðarsambandsins er að vera heildarsamtök sunnlenskra bænda og vera í forsvari fyrir sunnlenskan landbúnað.

Efla hvers konar framfarir í landbúnaði, gæta hagsmuna og auka hagsæld þeirra sem landbúnað stunda. Að framfylgja á hverjum tíma gildandi löggjöf um íslenskan landbúnað í samstarfi við þá aðila sem annast framkvæmd slíkra laga.

4. gr.

Búnaðarsambandið hyggst ná tilgangi sínum með því að:

- Vera í forsvari fyrir sunnlenskan landbúnað, koma fram fyrir hans hönd og annast kynningu á honum og standa vörð um hagsmuni sunnlenskra bænda.
- Reka ýmis konar þjónustu fyrir bændur, eftir því sem þörf er fyrir á hverjum tíma.

- Styðja hvers konar félagslega starfsemi í héraðinu sem stuðlar að framförum í landbúnaði.
- Annast miðlun fróðleiks og kynningarefnis eftir því sem henta þykir á hverjum tíma.
- Vera tengiliður aðildarfélaganna og félagsmanna við Bændasamtök Íslands. Sjá um kosningu til Búnaðarþings og önnur þau hlutverk sem kveðið er á um í samþykktum Bændasamtaka Íslands.
- Annast ýmis konar umsóknir, eftirlit, umsjón, úttektir og vottun eftir því sem lög og reglur kveða á um.
- Sjá um rekstur þeirra fyrirtækja sem eru í eigu Búnaðarsambandsins og annast eignir þær, sem eru innan vébanda þess.

5.gr.

Heimilt er Búnaðarsambandinu að innheimta árgjald af félögum. Skal þá hvert aðildarfélag standa skil á greiðslu þess í samræmi við fyrirliggjandi félagaskrá samkv. 2.gr. Árgjald Búnaðarsambandsins er ákveðið á aðalfundi sambandsins. Gjöldum þessum skal skilað fyrir 1. desember ár hvert ásamt félagatali.

Reikningssár Búnaðarsambandsins er almanaksárið.

6. gr.

Á aðalfundi skulu kosnir fulltrúar til setu á Búnaðarþingi til tveggja ára og jafn margir til vara. Formaður sambandsins skal vera sjálfkjörin sem aðalmaður. Falli atkvæði jöfn skal hlutkesti varpað.

7. gr.

Stjórn Búnaðarsambandsins skal skipuð fimm mönnum. Formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Kosnir skulu jafnmargir til vara. Stjórn og varastjórn skal þannig skipuð: Úr Vestur-Skaftafellssýslu einn stjórnarmaður, úr Rangárvallasýslu tveir og úr Árnessýslu tveir. Stjórnarmenn og varamenn þeirra skulu kosnir til þriggja ára, þannig að Árnesingar skulu kosnir eitt árið, Rangæingar annað árið og Vestur-Skaftfellingar hið þriðja.

Tveir skoðunarmenn reikninga skulu kosnir til tveggja ára í senn og tveir til vara. Skoðunarmaður reikninga skal eigi starfa lengur en sex ár í senn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Hún ræður framkvæmdastjóra, er sér um daglegan rekstur sambandsins, reikningshald og ráðningu starfsfólks í samráði við stjórn sambandsins.

8. gr.

Aðalfundur Búnaðarsambandsins skal haldinn árlega, eigi síðar en í júní-mánuði. Skal boða til hans með minnst hálfsmánaðar fyrirvara.

Á aðalfundi eiga sæti kjörnir fulltrúar félaga sem aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands hefur samþykkt sem aðildarfélög.

Hvert aðildarfélag á rétt á fulltrúum sem hér segir: Þar sem félagatala er allt að 60, einn fulltrúi.

Þar sem félagatala er 61-120, tvo fulltrúa.

Þar sem félagatala er 121-180, þrjá fulltrúa.

Þar sem félagatala er 181-240, fjóra fulltrúa, o.s.frv.

Auk kjörinna fulltrúa eiga stjórn sambandsins og framkvæmdastjóri þess málfrelsi og tillögurétt, svo og allir félagsmenn aðildarfélaga. Atkvæðisrétt hafa aðeins kjörnir fulltrúar. Þó skal enginn fara með nema eitt atkvæði.

Aðalfundur er lögmætur ef helmingur kjörinna fulltrúa er mættur ásamt meirihluta stjórnar sambandsins. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmætum aðalfundi til þess að lagabreytingar hljóti löglega afgreiðslu, enda hafi tillaga að lagabreytingu verið send út með fundarboði.

Auka fulltrúafund skal halda ef meirihluti stjórnar eða einn þriðji hluti kjörinna fulltrúa krefst þess.

9. gr.

Á aðalfundi skal stjórnin leggja fram til umræðu og afgreiðslu:

1. Reikninga sambandsins fyrir undanfarið ár, áritaða af skoðunarmönnum, ásamt félagaskrá skv. 2. gr.
2. Skýrslu um starfsemi sambandsins undanfarið ár.
3. Fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi reikningsár.
4. Kjósa trúnaðarmenn samkvæmt 7. grein.
5. Kosið skal til Búnaðarþings samkvæmt 6. grein.

10. gr.

Stjórn Búnaðarsambandsins er heimilt að kjósa heiðursfélaga. Hvorki aðalfundur né aðrir opnir fundir eru ályktunarfærir um kjör heiðursfélaga. Fjöldi heiðursfélaga skal stilla mjög í hóf. Við kjör heiðursfélaga skal afhenda heiðursskjal undirritað af stjórnarmönnum sambandsins. Heiðursfélögum skal boðið að taka þátt í öllum hátíðarfundum sambandsins. Þeir skulu einnig boðaðir á aðalfund sambandsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar þau hafa verið samþykkt af aðalfundi Búnaðarsambands Suðurlands.



Markarfljót séð af Stóra-Dímoni. Ljósmynd Halla Eygló Sveinsdóttir.